

Nd.

497. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á ýmsum islenzkum afurðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Heimild þessa má nota um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Veiting útflutningsleyfa og aðrar framkvæmdir laga þessara eru í höndum nefndar, sem skipuð er hinum þrem stjórnskipuðu meðlimum innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, og auk þeirra einum manni tilnefndum af fiskimálanefnd og einum af Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lög-reglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.